



MBA

í Háskóla Íslands

SKORAÐU Á ÞIG

- taktu skrefið

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



Háskóli Íslands í hópi 300 bestu

Það er Háskóla Íslands mikið kappsmál að taka virkan þátt í atvinnuuppbyggingu í íslensku samfélagi með nýsköpun í krafti þekkingar. Með MBA náminu er lögð áhersla á að nemendur öðlist yfirgripsmikla þekkingu, færni í að leiða flókin verkefni og undirbúning til að takast á við stjórnunarstörf af margvíslegum toga. Námið grundvallast á öflugri kennslu, rannsóknum og hvata til frumkvöðlahugsunar. Ljóst er að atvinnulífið kallar á einstaklinga með slíka færni, enda hefur reynslan sýnt að MBA gráða frá Háskóla Íslands veitir afbrigðis undirbúning til að mæta krefjandi verkefnum á sviði nýsköpunar og stjórnunar, hvort heldur í einkarekstri eða á opinberum vettvangi.

Tíu ár eru nú liðin frá því fyrstu MBA nemendur brautskráðust frá Háskóla Íslands, og hafa samtals um 400 nemendur lokið námi. Á þessum tíma hefur skólinn unnið markvisst að því að bæta starf sitt á öllum sviðum, setja sér krefjandi markmið og fylgja þeim fast eftir. Það var mikil viðurkenning á kennslu- og vísindastarfi skólans og samstarfsaðila hans þegar þær fréttir bárust að Háskóli Íslands væri kominn í hóp 300 bestu háskóla heims samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings. Samkvæmt þessu mati raðast Háskóli Íslands í efstu 2% þeirra 17.000 háskóla sem starfræktir eru í heiminum. Skólinn kappkostar að halda þessum árangri og við gæðamat á öllu starfi skólans er notast við alþjóðlega viðurkennda mælikvarða.

Háskóli Íslands gerir miklar kröfur til kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. Við gerum líka miklar kröfur til nemenda því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands beri með sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim. Þetta markmið Háskóla Íslands verður styrkur allra sem ljúka MBA-gráðu frá skólanum í framtíðinni.

Vertu velkomin(n) í MBA nám við Háskóla Íslands,

Kristín Ingólfssdóttir

Rector Háskóla Íslands



MBA er meistaranám fyrir stjórnendur

Í MBA náminu er lagt kapp á að nemendur auki þekkingu sína og færni með það að markmiði að auka möguleika til starfsframa og takast á við forystuhlutverk í atvinnulífinu. Einkunnarorð námsins eru frumkvæði, færni og forysta og miða öll námskeið að því að efla þessa eiginleika hjá nemendum.

Fyrir hverja

Segja má að þátttakendur í MBA námi komi úr öllum áttum. Námið er heppilegur valkostur fyrir þá sem vilja takast á við áskoranir í rekstri og stjórnun. MBA nám er góður undirbúningur fyrir stjórnendur sem vilja auka færni sína, hvort sem reksturinn miðar að fjárhagslegum ávinningi eða sé til almannaheilla.

Sveigjanlegt nám og góð fjárfesting

MBA námið er skipulagt sem nám samhliða starfi og því þurfa MBA nemar ekki að fórna launum meðan á námi stendur. Það gerir námið að hagkvæmum kosti. Kannanir sem gerðar hafa verið meðal brautskráðra MBA nemenda frá Háskóla Íslands hafa einnig sýnt að fólk telur sig ná betri árangri í starfi að námi loknu.


Faglegt nám

Grunnnámskeið í MBA náminu eru þverskurður annars meistaranáms í viðskiptafræðum þar sem lögð er áhersla á góða, fræðilega og „þétta“ undirstöðu sem ávallt tekur mið af þeim verkefnum og áskorunum sem við er að glíma í umhverfinu hverju sinni.

Reynslumiklir kennarar

Umsjón og kennsla er í höndum kennara Viðskiptafræðideildar sem hafa áralanga reynslu af kennslu og rannsóknum á íslensku atvinnulífi. Auk þeirra kemur fjöldi sérfræðinga og stjórnenda úr atvinnulífinu að náminu.

MBA námið er þróað og útfært í samræmi við alþjóðleg viðmið. Mikil áhersla er lögð á að fá framúrskarandi gestafyrirlesara, bæði innlenda og erlenda og hafa margir virtir og vel kunnir sérfræðingar haldið fyrirlestra fyrir MBA nemendur á síðustu árum þar sem horft er á Ísland í alþjóðasamhengi.



Uppbygging námsins

1. MISSERI - HAUST	2. MISSERI - VOR	3. MISSERI - HAUST	4. MISSERI - VOR
Fyrri lota Rekstrarumhverfið - Hagfræðileg greining - Ólíkar markaðsgerðir - Grunnþættir í þjóðhagfræði - Stórslyshagfræði Í eldlínunni - Persónulegt mat og ígrundun - Tilfinningagreind og lausnamiðuð nálgun - Uppbygging tengsla og tjáning - Forystuhlutverkið	Fyrri lota Þróun mannauðs - Starfsþróun og hæfni - Ráðningar og val - Hvatning og endurgjöf - Mælingar og mat Árangur í rekstri - Rekstrarkerfi - Ferlar - Birgðastjórnun - Biðraðafraði	Fyrri lota Mótun og framkvæmd stefnu - Lýsing á stöðu fyrirtækis eða stofnunar - Greining á umhverfi og auðlindum - Mótun á heildar- og viðskiptastefnu - Útfærsla á skipulagi og framkvæmd stefnu Frumkvöðlar og nýsköpun - Tækifæri frumkvöðla - Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum - Viðskiptalíkön - Gerð viðskiptaáætlunar	Fyrri lota Ársreikningar, reikningsskil og virðismat - Hugtakarammi reikningsskila - Gerð og framsetning reikningsskila - Greining og kennitölur ársreikninga - Virðistækni Valnámskeið I eða lokaverkefni Hver nemandi velur annað hvort þrjú námskeið eða tvö námskeið og lokaverkefni
Seinni lota Greining viðfangsefna og ákvarðanir - Mótun flókinna viðfangsefna - Helstu ákvörðunartökuferli - Ákvarðanir einstaklinga og hópa - Notkun greiningarlíkana Markaðsfræði - Markaðsáherslan - Markaðsgreining - Markaðsstefna - Markaðsáætlun	Seinni lota Fjármál fyrirtækja - Mat á fjárfestingarkostum - Verðmætamat verðbréfa - Notkun afleiða og gengisvarnir - Verðmat fyrirtækja og samrunar Samningatækni - Undirbúningur samninga - Greining samninga og samningaferla - Sköpun verðmæta í samningum - Síðareglur samningamanna	Seinni lota Alþjóðaviðskipti - Utanríkisverslun Íslendinga - Stefnumótun alþjóðavæðingar - Alþjóðlegar markaðsrannsóknir - Innkoma á erlenda markaði	Seinni lota Valnámskeið II Valnámskeið III



Ingjaldur Hannibalsson

Forseti Viðskiptafræðideildar

Markmið með tveggja ára MBA námi við Háskóla Íslands er ekki síst að auðvelda nemendum að takast á við verkefni framtíðarinnar. Markvisst er stefnt að því að efla nemendur, m.a. með fjölbreyttum kennsluaðferðum svo þeir geti beitt mismunandi aðferðum í rekstri fyrirtækja sinna.

Skoraðu á þig og taktu skrefið í MBA nám við Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar

- Upphafsdagur námsins er um miðjan ágúst. Þá koma nemendur og kennarar saman ásamt starfsfólki MBA námsins og fara yfir námskeið og skipulag námsins
- Í hverri lotu eru tvö námskeið kennd samhliða og samanstendur hvert skólaár af fjórum lotum
- Boðið er upp á undirbúningsnámskeið í Excel og námstækni í upphafi námsins
- Að öllu jöfnu er kennt aðra hverja helgi, föstudag og laugardag kl. 9:00-17:00, til viðbótar er boðið upp á dæmatíma
- Mikið er lagt upp úr hópastarfi nemenda og persónulegri þróun þeirra
- MBA námið er aðallega kennt á íslensku en erlendir gestafyrirlesarar kenna á ensku
- Boðið er upp á ýmsa viðburði, fyrirlestra og samfagnaði á meðan námi stendur

Persónuleg færni og stjórnendapjálfun

Öll námskeið sem boðið er upp á í MBA náminu taka mið af nýjustu áherslum í viðkomandi fagi. Í hverju þeirra er nemendum boðið upp á að efla persónulega færni og þróa leiðtoga hæfileika sína m.a. með eftirfarandi hætti:

- Í umræðum í kennslustundum við kennara, samnemendur eða gestafyrirlesara
- Í hópvinnu þar sem kryfja þarf ólík viðfangsefni og leggja fram tillögur um ákvarðanir sem þarf að taka og finna sameiginlega niðurstöðu
- Með vali á verkefnum sem tengjast áhuga eða hagsmunum nemenda og samskiptum við aðila í atvinnulífinu sem tengjast náminu
- Með þátttöku í umræðum um dæmisögur (cases) þar sem viðfangsefni eru greind, t.d. með tilliti til orsakasamhengis, brugðist er við andstæðum rökum sem upp kunna að koma þegar fundin eru ný sjónarhorn og lausnir

Auk námskeiðanna sem í boði eru þróa nemendur hæfileika sína og atvinnuhæfni á fjölbreyttan hátt, t.d. með:

- Þátttöku í vinnufundum og atburðum
- Persónulegu mati og samtölum við stjórnendaráðgjafa
- Ígrundun eigin framlags og sjálfssýnar á ólíkum sviðum

Rauði þráðurinn er að styrkja frumkvæði og færni nemenda á öllum sviðum námsins svo þeir geti betur nýtt sér þekkingu sína.

Bakgrunnur nemenda er ólíkur og mikið er lagt upp úr því að hver og einn nýti sína reynslu sem best, geti lagt mat á aðstæður hverju sinni og uppgötv í leiðinni nýja persónulega eiginleika. Í daglegum störfum virkra leiðtoga er í mörg horn að líta og það getur krafist mikillar einbeittni og persónulegs styrks að taka réttar ákvarðanir í dagsins önn.

MBA nám er fjölbreytt stjórnendanám sem ætlað er einstaklingum sem hafa reynslu af stjórnunarstörfum. Á námsleiðinni eru margskonar krefjandi úrlausnarefni, bæði persónuleg og fagleg; t.d. geta tjáð sig með afgerandi hætti, taka þarf af skarið, sýna frumkvæði og eldmóð, ganga á móti straumnum, verja erfiðar ákvarðanir, klára verkefni undir tímapressu og nálgast málin frá siðferðislegu sjónarhorni.

Nútíma stjórnendur leita eftir skoðunum starfsfólks og þátttöku í hópstarfi og ákvörðunartöku af ýmsu tagi. Verkefni þeirra ganga gjarnan þvert á deildir/svið fyrirtækjanna og fyrir vikið reynir mjög á samstarfshæfileika stjórnenda. Allir sem sinnt hafa stjórnunarhlutverkum vita að það getur gefið hressilega á bátinn og það getur þurft mikla þrautsegu til að koma fleyinu heilu í höfn. Í MBA náminu er þessi þróun krufin út frá mörgum sjónarhornum ekki síst með tilliti til þess hvernig stjórnendur geta náð árangri með því að vinna með öðrum, í gegnum aðra og með „sjálfum sér“.



Halldór Halldórsson

Formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Fyrir einstakling eins og mig sem hefur unnið sem stjórnandi bæði í einka- og opinbera geiranum er MBA námið bæði endurnýjun og viðbót. Það er endurnýjun vegna þess að það er hollt að spegla fræðin í uppsafnaðri reynslu. Námið er einnig viðbót vegna þess að maður kemur inn í það með verkfærátöskuna úr atvinnulífinu. Nýjar aðferðir bætast við jafnt og þétt, þannig að maður verður að skipta um og fá sér stærri. Við nemendurnir lærum mikið hver af öðrum því menntun og reynsla skólafélaganna er mjög fjölbreytt. Tengslanet okkar stækkar í náminu og mun nýtast okkur áfram.



Guðrún Pálsdóttir

Lyfjafræðingur og eigandi Urðarapóteks

Í gegnum allt námið unnum við að stórum raunhæfum verkefnum sem tengdust íslenskum fyrirtækjum. Viðfangsefnin voru flest mjög ögrandi. Krafa var gerð um tilheyrandi tilvísanir í námsefnið og vinna þurfti markvisst og skipulega með öðrum, gjarnan undir miklu álagi. Oft þurftum við að glíma við verkefni sem virtust nær óleysanleg á þeim stutta tíma sem gefinn var. Við þær aðstæður gildir að virkja hugmyndaflugið og leggja allt undir. Námið í heild veitir innsýn í og hvetur nemendur til frumkvöðlahugsunar og nýsköpunar og ég öðlaðist þekkingu á rekstri og stjórnun fyrirtækja. Það undirbjó mig vel undir það að opna mitt eigið fyrirtæki og gaf mér kjark til þess að láta það verða að veruleika.



Rætt við Gylfa Magnússon

um stöðuna í fræðigreininum hagfræði og fjármálum og hvaða ný þekking er að koma fram sem skiptir miklu máli

Þessar greinar eru báðar í mikilli gerjun. Margt af því sem menn hafa litið á sem viðtekin sannindi undanfarna áratugi er nú dregið í efa. Þetta eru spennandi en um leið krefjandi tímar fyrir þá sem fást við þessi fræði, bæði þá sem kenna þau og þá sem nota þau í sínum daglegu störfum.

Eitt af því sem leitt hefur af sviptingum undanfarinna ára er að trú manna á skilvirkni fjármálamarkaða og getu þeirra til að stýra sér sjálfir hefur mjög beðið hnekki. Menn hafa síðan leitað víða skýringa á því hvers vegna fjármálamarkaðir eru ekki jafn skilvirkir og áður var talið. Það er ekki komin nein góð niðurstaða í þeirri leit en óneitanlega beina margir sjónum sínum að því að e.t.v. sé grunnhugmynd hagfræði og fjármála um að fólk taki ávallt skynsamar ákvarðanir með kaldri og takmarkalausri rökhbyggju röng. Þess í stað vilja margir byggja á flóknari hugmyndum um manninn, sem m.a. eiga rætur sínar að rekja til sálfræði. Út úr því hafa komið sérsviðin atferlisfjármál og atferlishagfræði.

Eitt af því sem er áhugaverðast við að kenna MBA nemum er hin sífellda glíma við að ná að miðla hagnýtri þekkingu en byggja um leið á traustum fræðilegum grunni. MBA nám er í eðli sínu mjög hagnýtt nám og býr nemendur ekki sérstaklega undir rannsóknir eða fræðistörf en nemendur þurfa þó að standa nægilega traustum fótum í fræðunum til að geta hagnýtt þau. Meðal þess sem kennarar gera til að ná þessu markmiði er að leggja mikla áherslu á að kenna fræðin út frá hagnýtum dæmum, frekar en að byrja á fræðunum og bæta svo við hagnýtum dæmum til skýringa í lokin.



Hrönn Ingólfssdóttir

Viðskiptastjóri Hörpu

Bakgrunnur minn er í félags- og fjölmiðlafræði og framhaldsnám í auglýsingafræði leiddi mig inn á brautir markaðsfræðinnar. Með aukinni reynslu og ábyrgð fann ég að mig vantaði upp á orðaforða og aðferðir sem snúa að almennum rekstri til að geta þróast í starfi og hafa möguleika á betri stjórnunarstörfum. Þar af leiðandi fór ég í MBA námið. Það munaði miklu að geta sett markaðsmálin í samhengi við annan rekstur, geta tekið fullan þátt í áætlanagerð og fylgst með framvindunni í gegnum rekstrarskýrslur og skilja inntak reikningsskila og ársreikninga.

Tengsl við íslenskt atvinnulíf

MBA nám við Háskóla Íslands gefur nemendum einstakt tækifæri til að spegla margháttaða starfsreynslu sína í margskonar viðfangsefnum á sviði stjórnunar og reksturs. Þeir koma með dýrmæta reynslu úr atvinnulífinu og sú reynsla er mikilvæg forsenda náms af þessu tagi þar sem þátttaka nemenda er jafn mikil og raun ber vitni. Virkt samstarf nemenda innbyrðis er stór hluti þess svo og nán tengsl nemenda við kennara í fremstu röð. Rauður þráður MBA námsins er að skilja betur forsendur á sviði rekstrar og stjórnunar og miða einkunnarorð námsins; *frumkvæði, færni og forysta* að því að nemendur taki persónulegum framförum til að geta mætt krefjandi verkefnum framtíðarinnar.

Gestafyrirlesarar skapa sérstaka stemningu og milliliðalaus samskipti við þá laða gjarnan fram skapandi umræðu og vekjandi hugmyndir. Fyrirtækjaheimsóknir og fjölbreytt verkefni nemenda eru ómissandi þáttur í að skapa lifandi tengsl við íslenskt atvinnulíf. Þá fá nemendur innsýn í rekstur fyrirtækja í ferðum til Evrópu og Asíu. Framlag nemenda við vinnu raunhæfra verkefna er mikilvæg brú milli MBA nemenda og atvinnulífsins og sókn fyrirtækja í vinnu nemenda er til marks um það. Félag brautskáðra MBA nemenda frá Háskóla Íslands er vettvangur til að rækta áfram tengsl við námsfélaga t.d. í fyrirtækjaheimsóknum. Gestafyrirlesarar hafa komið úr ýmsum áttum og hefur framlag þeirra til námsins verið einstakt.



Ingrid Kuhlman, þekkingarmiðlun



Berglind Bergþórsdóttir, RÚV



Björn Zöega, LSH



Ívar Kristjánsson, CCP



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands



Einar Karl Birgisson, Latibær



Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrv. forstjóri Promens



Guðrún S. Eyjólfssdóttir, Actavis



Jón G. Hauksson, Frjáls verslun



Helga Fjóra Sæmundsdóttir, Íslenska gámafélagið



Ólafur P. Hauksson, embætti sérstakts saksóknara



Harpa Björg Guðfinnsdóttir, Rio Tinto Alcan

MBA



Helsinki, Finnland

Námsferð

Innifalinn í skólagjöldum er stutt námsferð til Evrópu á öðru misseri. Námsferðin er liður í að styrkja tengsl nemenda við alþjóðlegt viðskiptaumhverfi. Meðal annars er farið í heimsóknir í áhugaverð fyrirtæki og háskóla. Undanfarið ár hefur t.d. verið farið til Kaupmannahafnar, Milanó og Helsinki.

Á lokamisseri hefur MBA námið boðið upp á skipulagningu útskriftarferðar til Kína, kostnaður þeirrar ferðar er ekki innifalinn í skólagjöldum.

Félag MBA frá Háskóla Íslands

Hlutverk MBA félagsins er að stuðla að faglegum, félagslegum og efnahagslegum ávinningi þeirra sem útskrifast og styðja þannig áframhaldandi þróun og framgöngu námsins við skólann. Félagið er ekki síður vettvangur nemenda til að viðhalda og styrkja tengslanet sitt og tengsl við Háskólann. Á hverju starfsári stendur félagið fyrir nokkrum viðburðum sem jafnan eru vel sóttir. Má þar nefna golfmót, tónleika, fyrirtækjaheimsóknir, hádegisverðarfundir og kynningar af ýmsu tagi. Við hvetjum alla útskrifaða sem og þá sem stunda námið til að taka þátt í félagsstarfinu og efla það þannig og styrkja!

Skólagjöld

Skólagjöld fyrir MBA nám í Háskóla Íslands eru 2.900.000 kr. Innifalið í skólagjöldum eru námsgögn, reglulegir samfagnaðir, ýmis örnámskeið, stjórnendapjálfun og námsferð.

Umsóknir

MBA námið er opið öllum sem hafa lokið háskólaprófi og hafa þriggja ára starfsreynslu.

Umsóknarfrestur er 5. júní

Umsóknum verður svarað innan 20 daga eftir að umsóknarfresti lýkur.

Nánari upplýsingar um MBA námið við Háskóla Íslands er að finna á www.mba.is



Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri bráðasviðs Landspítala

Nemendahópurinn samanstóð af sterkum einstaklingum. Við vorum að kljást við ólíka hluti, lærðum mikið hvert af öðru og studdum hvort annað. Það kom sér vel í mínu tilviki en samhliða náminu gegndi ég stjórnunarhlutverki í krefjandi umhverfi. Kennararnir lögðu mikið á sig til að gera námið í fremstu röð. Vissulega voru gerðar miklar kröfur til okkar nemendanna eins og vera ber í námi sem þessu þegar fólk er að fjárfesta í sjálfu sér. Þá vill maður vera í einum af fremstu háskólum heims. Eitt af því sem ég nýtti mér úr náminu var innleiðing á stefnumiðuðu árangursmati á Landspítala og ég vil meina að það hafi verið grunnurinn að því sem við erum að vinna með í dag og köllum Starfsáætlun Landspítala.



MBA



Ásgeir Eiríksson


Bæjarstjóri sveitarfélagsins Voga

Ég stóð á tímamótum í ársbyrjun 2007 þegar ég hætti í erilsömu stjórnunarstarfi sem ég hafði gegnt í 6 ár. Það lá því beint við á þessum tímamótum að stíga skrefið og skrá mig í MBA námið en krafan um framhaldsmenntun vigtaði mun meira en starfsreynslan. Námið hafði mikil áhrif á mig og ég hef styrkst á margan hátt, ekki síst sem stjórnandi og hæfni mín til að taka vandaðar ákvarðanir jókst. Sum námskeiðin höfðu mjög djúp áhrif á mig og fengu mig til að líta inn á við og taka til í eigin ranni. Auk þess að hafa öðlast yfirgripsmikla fræðilega þekkingu og færni hefur námið tvímælalaust gert það að verkum að ég er almennt séð mun öflugri einstaklingur nú en ég var áður.

Jón Birgir Gunnarsson

Framkvæmdastjóri fiskiðnaðarsviðs Marel's

Þrátt fyrir að hafa starfað í alþjóðlegu umhverfi í meira en áratug kynntist ég nýjum hliðum á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi í gegnum verkefnavinnu, í fyrirlestrum sem og frá samnemendum í MBA náminu. Þessi nýja þekking nýttist mér strax í starfi og gerir það á hverjum degi. Eitt það besta við þetta nám er að kennarar, gestir og samnemendur búa yfir gríðarmikilli reynslu og oftar en ekki sjá þau mismunandi sjónarhorn og lausnir.





HÁSKÓLI ÍSLANDS VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Gimli við Sæmundargötu

101 Reykjavík

Sími 525 4596

Fax 552 6806

mba@hi.is

www.mba.is

